

OFNAR OG GÓLFHITAKERFI

Kynningarblað
Miðstöðvarofnar,
handklæðaofnar, stjórnun
innihita og gólfhitun til forna.

MÁNUDAGUR 7. OKTÓBER 2013

Landsins mesta úrval handklæðaofna

Ofnasmiðja Reykjavíkur býður mikið úrval vottaðra miðstöðvar- og handklæðaofna. Í október er lagersala í versluninni og mikill afsláttur af völdum vörum.

Ofnasmiðja Reykjavíkur býður landsins mesta úrval handklæðaofna. Þar fást líka miðstöðvarofnar í öllum stærðum og gerðum, ofnlokar, rafhitaðir nuddpottar og ýmsir fylgihlutir fyrir nuddpotta.

„Við erum stoltir af því að bjóða vottaðar vörur, ofnarnir eru meðal annars með CE-vottun og EN442-vottun,“ segir fjármálastjórinn Ketill Björnsson. Vottanirnar tryggja gæði og endingu ofnanna sem skiptir gríðarlegu miklu máli.

„Því miður er ansi mikið um að upp komi leki í tiltöluleg nýlegum ofnum og verða heimili og tryggingarfélag fyrir umtalsverðu tjóni vegna þess. Miðstöðvarofnarnir okkar eru auk þess með tíu ára ábyrgð og handklæðaofnarnir með allt að 25 ára ábyrgð.“

Ketill segir handklæðaofna hafa sótt gríðarlega í sig veðrið að undanförunu og fást þeir í öllum stærðum og gerðum. „Þeir

eru settir upp á baðherbergjum, þvottahúsum og forstofum svo dæmi séu nefnd og notaðir undir blautar húfur, vettlinga og annað í þeim dúr. Þeir eru m.a. úr ryðfríu stáli og rispast hvorki né ryðga.“

Ofnasmiðja Reykjavíkur er fjölskyldufyrirtæki sem var stofnað á Egilstöðum í kringum 1980 og hét þá Ofnasmiðja Björns Oddssonar. Fyrirtækið flutti til Reykjavíkur árið 1998 og þá var núverandi nafn tekið upp. Miðstöðvarofnarnir frá Thor hafa verið fluttir inn frá Danmörku frá upphafi og hafa að sögn Ketils reynst afar vel.

Í október er lagersala hjá Ofnasmiðju Reykjavíkur og er þá mikill afsláttur af völdum vörum. „Hér er mikið að gera og margir sem nýta sér tilboðin,“ segir Ketill.

Ofnasmiðja Reykjavíkur er til húsa að Vagnhöfða 11. Allar nánari upplýsingar er að finna á www.ofnasmidja.is.



„Við erum stoltir af því að bjóða vottaðar vörur fyrir viðskiptavininn sem tryggir bæði endingu og gæði,“ segir Ketill.
MYNDVALLI

LAGERSALA OG TILBOÐSDAGAR Í OKTÓBER

THOR
EURA RADIATORER



Eura L



Eura C

10 - 50%

afsláttur á völdum Thor ofnum

Fylgihlutir fyrir nuddpotta
á 10% afslætti



Home Swim pakki,
án klórs

2 fyrir 1

6.990,-

mhs
RADIATORER

10 - 20%

afsláttur á MHS
handklæðaofnum



Alara 60x72 cm
Ryðfrítt stál



Square 50x120 cm
Ryðfrítt stál



Aquila 50x119 cm
Burstað stál



Oval 50x120 cm
Ryðfrítt stál



Halo 25x120 cm
Krómað stál

CE EN 442

*ATH. Lagersalan gildir út október 2013 eða á meðan birgðir endast.

**OFNASMIÐJA
REYKJAVÍKUR**
Vandaðir og vottaðir ofnar



Lágmarks ryk og rask

Gólfhitalagnir ehf
Iceland

Við bjóðum upp á nýja lausn.

Erum með sérhannaða vél sem býr til rásir í flest öll steingólf á mjög stuttum tíma. Gólfhitinn er síðan lagður í raufarnar þannig að ekki þarf að hækka gólfíð frá því sem áður var.



- Lágmarks rask og ryk • Styttri verk tími • Losnar við ofna og færð aukid pláss
- Ekki þarf að hækka gólf og saga neðan af innihurðum • Jafnari hiti & hitadreifing

GÓLFHITA
LAGNIR EHF

Sími 571 3700

www.golfhitalagnir.is • golfhitalagnir@golfhitalagnir.is



VITA® ofnar



VITA handklæðaoafn
beinn hvítur 50x80 cm
7.990



VITA handklæðaoafn
kúptur króm 50x120 cm
19.790

CE
Euronorm
EN 442

Verðlisti panelofna á
www.murbudin.is


Kletthálsi Reykjavík
Reykjanesbæ
Akureyri
Vestmannaeyjum



MURBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Gólfhitakerfi
Ekkert brot ekkert flot



- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hítasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfíð
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flisar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is



Töluverður sparnaður getur hlotist af því að huga að lækku innihita yfir árið.

MYND/GETTY

Ofnar eiga að fá frið

Þrátt fyrir að upphitun húsnæðis hérlandis sé ódýr miðað við önnur lönd geta heimili landsins sparað fjármuni með því að huga að hitastigi innandyrna.

Viðast hvar um heim þykir hiti inni á heimilum hvorki sjálfsagður hlutur né ódýr. Stærstur hluti Íslendinga býr við jarðvarmahitun í húsum sínum sem er að öllum líkindum ódýrasta orka sem völ er á. Íslendingar hafa því ekki þurft að huga mikið að lækku innihita undanfarna áratugi en að sögn Sigurðar Inga Friðleifssonar, framkvæmdastjóra Orkusetursins, kyndir stór hluti þjóðarinnar þó of mikið á heimilum sínum.



Sigurður Ingi Friðleifsson er framkvæmdastjóri Orkusetursins.

„Algengur hiti í húsum hérlandis er á bilinu 23-25°C en rannsóknir sýna að 20-21°C innihiti er kjörhit. Þá er verið að huga að loftgæðum innandyrna og líðan íbúa. Þar sem jarðvarmahitun er ódýr hérlandis má segja að við kyndum

ist í því að huga að lækku hita yfir árið. Þetta skiptir enn meira máli fyrir þau 10% landsmanna sem enn knýja með rafhitun. Í þeim tilfellum er sparnaðurinn umtalsverður.“

Í dag fást mjög nákvæm hitastjórnunarkerfi sem bæði er hægt að setja upp í nýbyggingum og við endurbætur húsnæðis. „Nú-tímahitastjórnunarkerfi bjóða upp á marga möguleika. Hægt er

hafa hitastig mismunandi eftir herbergjum og láta kerfið keyra hitann upp og niður eftir hentugleika. Þannig er hægt að lækka hitann þegar fólk er í vinnunni eða sofandi yfir hánóttina. Því þarf ekki að vera stöðugt að fíkta í hitastillingum. Það er nóg að stilla kerfið einu sinni og það sér um sparnaðinn.“ Hitastjórnunarkerfi er einnig hægt að setja upp í eldri húsum auk þess sem hægt er að kaupa þau á staka ofnloka.

Ýmsar aðrar leiðir eru til að lækka hitunarkostnað á heimilum að sögn Sigurðar. „Það er til dæmis óþarfi að kynda geymslur og bílskúra of mikið auk þess sem ofnar í anddyrum eiga ekki að vera hátt stilltir. Ofnar eiga síðan almennt að fá að standa í friði því þeir sjá um sig sjálfir enda yfirleitt með lofthitastýrðan ofnloka.“

Rómverjar hituðu gólfina

Gólfhiti á sér langa sögu sem hefst tíu þúsund árum fyrir Krist. Fornleifafræðingar hafa fundið minjar í Asíu og Alaska sem sýna að íbúar þess tíma hafa leitt reyk frá eldi gegnum skurði undir hífýlum sínum sem byggðir voru með steinum. Heitur reykurinn hitaði steinana sem hituðu síðan hífýli fólksins.


Rómverjar nýttu sér einnig gólfhita á tíma Rómaveldisins. Hypocaustum er latneska heitið á fornu rómversku kerfi til gólfhitunar. Kerfin voru notuð til að hita laugar, hús og aðrar byggingar, opinberar byggingar og heimili.

Kerfið virkaði með þeim hætti að gólfíð var hækkað og haldið uppi af fjölda mjórna súlna sem oftast voru úr múrsteinum og steypu. Bil var á milli súlnanna til að heitt loft og reykur frá bræðsluofnum gæti leikið um rýmið. Þannig hitnaði gólfíð og rýmið ofan við það. Þau herbergi sem þurfti mest að hita voru höfð næst ofninum en hitann mátti auka með því að brenna meiri viði.

Mikinn mannskap og natni þurfti til að halda kerfinu gangandi. Auk þess þurfti mikinn brennsluvið, sem var kostnaðarsamur. Því voru gólfhitakerfin aðallega til staðar í finni húsum og í rómversku böðnum.

Rómverski arkitektinn Vitruvius skrifar um það við lok fyrstu aldar fyrir Krist að uppfinningamaður kerfisins hafi verið Sergíus Orata. Þó hafa fundist leifar af svipuðum gólfhitakerfum í Pakistan sem eru tvö þúsund árum eldri en þau rómversku.

Til eru fjölmargar minjar um rómversk gólfhitakerfi í Evrópu, vesturhluta Asíu og norðanverðri Afríku. Einna þekktust eru rómversku böðin í Bath í Englandi en þau gefa afar góða innsýn inn í hönnun gólfhitakerfanna. Eftir fall Rómaveldis lagðist hypocaustum-gólfhitun nánast af.



Rómversku böðin í Bath. Þau gefa góða sýn á hvernig gólfhiti var notaður til að hita hús og böð.

Danfoss ofnhitanemar - í fararbroddi í 7 áratugi

Einn lykillinn að meira en 20 ára endingartíma RA 2000 ofnhitanemans er gasfyllingin, sem ólíkt öðrum fyllingum, býr alltaf yfir sömu stjórnunar- og viðbragðsgetu. Má meðal annars rekja það til málmbelgsins, sem er mikil nákvæmnissmíð og gefur frábæra eiginleika og endingartíma. Þetta gerir RA 2000 ofnhitanemann að mun betri

stjórnþæki en aðrar gerðir hitanema. RA 2000 hitaneminn uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru í DS 469 hitakerfaáðlinum um skjót viðbrögð við breytingum á hitastigi. Viðbragðstími annarra algengra gerða hitanema er allt að 70% lengri. Með RA 2000 hitanema á ofninum er nýtingin á varma því með besta móti.



Þægindi orkusparnaður

Þú færð meiri þægindi og lægri orkureikning, einfaldlega með því að skipta út gömlu ofnhitanemunum fyrir Danfoss RA 2000 ofnhitanema

Nýjung

A-orkunýtnimerkingar fyrir ofnhitanema eins og eru á t.d. þvottavélum, kæli- og frystiskápum og fl.

TELL - Thermostatic Efficiency Label er nýtt orkunýtnimerkingarkerfi fyrir Evrópska ofnhitanema og lokahús. RA 2000 ofnhitanemarnir frá Danfoss eru fyrstu ofnhitanemarnir á markaðnum til að fá orkunýtnimerkingu A

Þú getur skipt út gömlu hitanemunum fyrir nýja, án þess að skipta um lokahús
Við eigum RA 2000 ofnhitanema sem passa á Danfoss ofnlukahús allt frá 1965

Líta gömlu hitanemarnir þínir svona út?

RAV frá 1965 - 1970



RAVL frá 1971 - 1984



Þá getur þú skipt þeim í svona

RAV/RA2960



RAVL/RA2950



Vertu á undan kuldabola og skiptu út gömlu hitanemunum fyrir nýja með orkunýtnimerkingu **A**

Danfoss stjórnþæki fyrir hitakerfi fæst í öllum helstu lagnaverslunum landsins

Danfoss hf. • Skútuvogi 6 • 104 Reykjavík • Sími: 510 4100 • veffang: www.danfoss.is

Lykilinn að þægindum -

CF2+ þráðlausar gólfhitastýringar frá Danfoss

Danfoss er ekki bara orðið alþekkt samheiti yfir hitastjórnubúnað. Í meira en 75 ár höfum við framleitt allt frá smæstu íhlutum upp í heil hitaveitukerfi. Öll þessi ár höfum við haft það að leiðarljósi að viðskipti þín við okkur séu hagkvæm. Það er leiðarljós okkar núna, og mun verða í framtíðinni.

Áratugareynsla okkar hefur skipað okkur í fremstu röð þegar litið er til nýsköpunar. Vöruþróun okkar stjórnast af þörfum viðskiptavinanna. Þess vegna erum við í fararbroddi þegar litið er til íhluta, sérfræðiþekkingar og heildarlausna fyrir hitastjórnubúnað og kerfi.



Við stefnum stöðugt að því að bjóða vörur og lausnir sem færa notendum háþróaða notenda- og umhverfisvæna tækni, lágmarks viðhald, hámarks þjónustu og hámarks hagkvæmni.

CF2+ þráðlausa gólfhitastýringin er gott dæmi um það, smekkleig hönnun, áreiðanleg tækni, einföld í uppsetningu og notkun. Færir þér nákvæma hitastýringu í hvert herbergi og hámarkar þar með þægindin.

Danfoss stjórnubúnaður fyrir hitakerfi fæst í öllum helstu lagnaverslunum landsins

Danfoss hf. • Skútuvogi 6 • 104 Reykjavík • Sími: 510 4100 • veffang: www.danfoss.is